

Sp.

233. Nefndarálit

[116. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1980.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Fjárveitinganefnd klotnaði um afgreiðslu málsins. Nefndin flytur þó sameiginlegar tillögur á þskj. 218 og 232 með fyrirvara af hálfu minni hlutans, þar sem hann áskilur sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Þegar vinstri stjórnin kom til valda 1978 lagði hún fyrir Alþingi um haustið fyrsta fjárlagafrumvarp sitt. Með því frumvarpi var stefnt að stóru auknum ríkisumsvifum, einkum voru rekstrar- og millifærsluútgjöld ríkissjóðs aukin. Skattar voru hækkaðir gífurlega og ríkisbáknið þanið út.

Framlög til framkvæmda og til atvinnuvegasjóða voru skorin niður, ekki til þess að lækka skatta og ríkisútgjöld heldur til þess að skapa aukið svigrúm til enn þá meiri hækkunar rekstrar- og millifærsluútgjalda ríkissjóðs. Þetta reyndist auk heldur frumvarp að mestu verðbólgufrumvarpa í sögu landsins síðustu áratuginna. Framfærsluvisitalan hækkaði hvorki meira né minna frá ársbyrjun til ársloka en um 61%.

Þegar þetta fyrsta fjárlagafrumvarp vinstri stjórnarinnar var til umræðu á Alþingi áttu sæti í fjárveitinganefnd af hálfu Sjálfstæðisflokksins Lárus Jónsson, Pálmi Jónsson og Ellert B. Schram. Í nefndaráliti þeirra komu fram eftirfarandi gagnrýnisatriði um það, sem þeir töldu að væri einkennandi fyrir fjárlagafrumvarpið og fjárlagaafgreiðsluna:

1. Hlutfall útgjalda ríkissjóðs miðað við þjóðarframleiðslu stóreykst.
2. Fjármagnstilfærslur, einkum í formi niðurgreiðslna, eru margfalt meiri en nokkru sinni fyrr.
3. Skattheimta eykst gífurlega.
4. Verklegar framkvæmdir eru skornar niður.
5. Ríkisbáknið bólgnar enn og frumvarpið gerir ráð fyrir fjölmörgum nýjum stöðum hjá ríkinu.
6. Tekjuhalli er fyrirjáanlegur nema með nýjum skattaálögum.“
Og síðast sagði: „Ljóst er að frumvarp þetta er verðbólgufrumvarp“.

Fyrsta fjárlagafrumvarp núverandi ríkisstjórnar ber sömu megininkenni. Því miður er gengið mörgum skrefum lengra í átt til aukinnar úþpenslu ríkisumsvifa með sömu vinstri úrræðunum. Teflt er á enn tæpara vað um að ríkissjóður verði rekinn með halla og þetta verði frv. að nýjum verðbólgufrumvarpum.

Þessi skýra og afdráttarlaus gagnrýni þeirra þremmenninga, sem þá áttu sæti í fjárveitinganefnd af hálfu Sjálfstæðisflokksins, á ekki síður við um fyrsta fjárlagafrumvarp núverandi ríkisstjórnar. Í fyrsta lagi á þessi gagnrýni við nú vegna þess, að þetta frumvarp gengur lengra í þá átt, sem gagnrýnin beindist að, en frumvarp vinstri stjórnarinnar fyrir 1979. Í öðru lagi má benda á að þessi gagnrýni reyndist á rökum byggð. Fjárlagafrumvarp vinstri stjórnarinnar fyrir árið 1979 var sannarlega verðbólguhvetjandi. Ríkissjóður var rekinn með halla og reyndist staða hans við Seðlabankann um s. l. áramót 13—14 milljörðum króna verri en fjárl. gerðu ráð fyrir skv. nýútkominni skýrslu ríkisendurskoðunar. Þessi hallarekstur varð þrátt fyrir verulegar nýjar skattaálögur á árinu 1979, sem fjárlög gerðu ekki ráð fyrir.

Með þessu fjárlagafrumvarpi hefur núverandi ríkisstjórn ákveðið að viðhalda öllum skattaálögum vinstri stjórnarinnar og þyngja enn stórlega skattbyrði þjóðarinnar. Ákveðið er að söluskattshækkun og vörugjaldshækkun, sem komu til framkvæmda seint á árinu 1979 og gáfu ríkissjóði 2.7 milljarða kr. í tekjur á því ári, gildi allt árið 1980, og samkvæmt tekjuáætlun frumvarpsins nema þessir skattar 18 milljörðum króna á yfirstandandi ári. Skattaukningin af þessu einu er um 15 milljarðar króna. Þessu til viðbótar er í frumvarpinu boðað að lagður verði á nýr orkuskattur, sem talinn er gefa 4—5 milljarða kr. í ríkissjóð og leggja jafnmikla skattbyrði á þjóðina. Þá er ákveðið að heimila 10% hækkun útsvara á þessu ári. Samkvæmt frumvarpi, sem lagt hefur verið fyrir Alþingi um skattstiga o. fl., er gert ráð fyrir að tekjuskattar á þessu ári verði ívið þyngri en fram kemur í tekjuáætlun fjárlagafrumvarpsins. Þar er þó áætlað, að tekju- og eignarskattar verði jafnþungir og vinstri stjórnin ákvað haustið 1979, eftir að hún lagði á afturvirka skatta.

Þróun beinnar skattheimtu sést ef bornar eru saman tvær tölur. Árið 1977 voru álagðir skattar af brúttótekjum á greiðsluári 10.6%. Þjóðhagsstofnun áætlar, að þessir skattar verði 14.2% af tekjum ársins í ár, ef hækkun útsvars verður heimiluð, og er þá einungis miðað við þá upphæð tekju- og eignarskatta sem fjárlagafrumvarpið gerir ráð fyrir. Hækki þeir meira, eins og stefnt er að í frumvarpi ríkisstjórnarinnar um skattstiga, nálgast skattahækkunin á þessu sviði að vera 4% af vergum tekjum framteljenda. Hér er einvörðungu átt við heina skatta, þ. e. a. s. eignarskatt, útsvar, almannatryggingagjald, sjúkrasamlagsgjald, sjúkratryggingagjald og fasteignaskatta. Skv. áætlun þjóðhagsstofnunar eru brúttótekjur framteljenda á árinu 1980 samtals 800 milljarðar króna. Skattbyrði þjóðarinnar af heinum sköttum er því yfir 30 milljörðum meiri í ár en verið hefði með greiðslu sama hlutfalls af tekjum og 1977.

Mikla athygli vekur, að halda á áfram sömu skattlagningu á bensín og verið hefur, en það þýðir að skattar á bensín verða þrefaldaðir í krónutölu frá 1978 og koma þeir skattar í viðbót við hækkanir á bensínverði vegna orkukreppunnar. Á árinu 1978 námu innheimtir skattar af bensínsölu 9 milljörðum 71 millj. kr. Í frumvarpi þessu til fjárlaga fyrir árið 1980 eru þessir skattar áætlaðir 29 milljarðar samkvæmt upplýsingum Þjóðhagsstofnunar. Þar er nálega um þreföldun að ræða. Byggingarvísitalan hefur hækkað frá miðju ári 1978 og fram á mitt ár 1980 samkv. áætlun Þjóðhagsstofnunar um 108%. Þetta merkir að innheimtir skattar á bensín umfram almennar verðlagshækkanir mældar á mælikvarða byggingarvísitölu muni nema 10 milljörðum kr. á árinu 1980. Á sama tíma hafa vegaframkvæmdir í landinu verið skornar niður og enn er stefnt að niðurskurði á þessu sviði samkv. fjárlagafrumvarpinu.

Skattahækkun, sem orðið hefur frá haustinu 1978 vegna aðgerða vinstri stjórnarinnar og núverandi ríkisstjórnar Gunnars Thoroddsens, leggur 36—37 milljarða kr. aukna skattbyrði á þjóðina á þessu ári samkv. tekjuáætlun frumvarpsins fram yfir það sem orðið hefði með hliðstæðri skattheimtu og var fyrir skattahækkanirnar haustið 1978. Þessi aukaskattreikningur þessara tveggja ríkisstjórna til þjóðarinnar sundurliðast þannig:

	Millj. kr.	Millj. kr.
1. Hækkaðir eignarskattar vegna breytinga 1978	3 560	
2. Hækkaðir tekjuskattar vegna sama	4 740	
÷ lækkun sjúkratryggingagjalds	2 000	6 300
3. Hækkun söluskatts, 2 prósentusig		10 300
4. Hækkun vörugjalds (6)		7 715
5. Gjald á ferðalög til útlanda		1 700
6. Nýbyggingargjald		250
7. Skattur á verslunarhúsnæði		1 700
8. Aðlögunargjald		1 840
9. Hækkun á verðjöfnunargjaldi af raforku		1 220
10. Hækkun skatta af bensíni umfram verðlagshækkanir		10 100
11. Orkuskattur, áætl. skv. áætlun í frv.		5 000
12. Markaðar tekjur teknar í ríkissjóð		4 714
		<hr/>
		50 839
Frá dregst:		
Niðurfelling söluskatts af matvörum		9 500
Tollalækkun, m. a. vegna aðildar að EFTA		5 000
		<hr/>
		36 339

Aukaskattreikningur þessi skal nú skýrður stuttlega, en við gerð hans hefur verið stuðst við upplýsingar frá Þjóðhagsstofnun.

Haustið 1978 lagði vinstri stjórnin á afturvirka tekju- og eignarskatta. Þessir skattaaukar hafa haldist í einu eða öðru formi og er í frumvarpinu gert ráð fyrir að svo verði enn. Þeir leggja nettó 6.3 milljarða kr. aukna skattbyrði á þjóðina í ár. Hækkun söluskattsins og vörugjaldsins nema rúmlega 18 milljörðum kr. Í fjárlagafrumvarpi koma þær tölur fram, sem hér eru greindar, að því er varðar gjald á ferðalög til útlanda, nýbyggingargjald, skatt á verslunarhúsnæði, aðlögunargjald og hækkun á verðjöfnunargjaldi af raforku, en alla þessa nýju skatta lagði vinstri stjórnin á. Fram hefur komið fyrr í þessu nál., hvernig aukaskattur af bensíni er reiknaður.

Markaðar tekjur á þessum skattreikningi eru taldar vera 4.7 milljarðar kr. Hér er um að ræða tekjur sem ganga eiga til ýmissa sjóða, en eru nú teknar í ríkissjóð. Þessi sérstæða „fjáröflunarleið“ var fundin upp í tíð vinstri stjórnarinnar. Skattar, sem renna eiga til húsnæðislána, eins og launaskattur og erfðafjárskattur, sem ráðstafa á samkv. lögum til framkvæmda fyrir öryrkja, eru teknir að hluta í ríkissjóð. Eftirfarandi markaðar tekjur eru skertar:

	Skerðing millj. kr.
1. Byggingarsjóður ríkisins: Launaskattur o. fl.	3 795.0
2. Skemmtanaskattur	27.9
3. Erfðafjárskattur	372.7
4. Bifreiðaskattur	518.0
	<hr/>
	Millj. kr. 4 714.6

Hér er einungis um þá skerðingu tekjustofna að ræða, sem viðurkennd er í frumvarpinu. Í raun ætti að bæta við þessa tölu ýmsum öðrum tekjustofnum sem skertir hafa verið. Á yfirstandandi ári er áætlað, að tolltekjur af innfluttum sjónvarpstækjum nemi 1 milljarði kr. Upphaflega var gert ráð fyrir því, að hluti af þeim tekjum færi til þess að byggja upp dreifikerfi sjónvarps og lagfæra móttökuskilyrði

fyrir sjónvarp og útvarp. Ekkert af þessum tekjum er ætlað til þessara verkefna skv. frv. Úr frumvarpinu eru einnig felld framlög úr ríkissjóði, sem voru tekin af svokölluðu 1% oliugjaldi, þ. e. a. s. olíustyrkur, framlög til að hraða hitaveituframkvæmdum og til þess að styrkja dreifikerfi í sveitum. Samtals er þarna um fjárhæð að ræða sem nemur 2.9 milljörðum kr.

Furðu vekur sú stefna sem felst í því að taka þessa tekjustofna og skerða þá og láta þá renna til almennra rekstrarútgjalda og millifærsluútgjalda ríkissjóðs, án þess að heildarathugun hafi farið fram á þörf fyrir þessa mörkuðu tekjustofna til þeirra verkefna sem lög mæla fyrir um.

Miklu lengra er gengið í frumvarpi Ragnars Arnalds í skerðingu markaðra tekna heldur en gert var í frumvarpi Tómasar Arnasonar. Launaskattur og skattar, sem eiga að ganga í Byggingarsjóð ríkisins, eru skertir miklu meira en þar var gert ráð fyrir. Á sama tíma er ætlun ríkisstjórnarinnar að Byggingarsjóður ríkisins, sem lánar húsnæðislán, taki að sér ný verkefni og láni til dvalarheimila aldraðra og dagvistarstofnana. Skemmtanaskattur, sem á að ganga til félagsheimila úti um land, er skertur. Erfðafjárskattur er skertur svo harkalega, að ríflega helmingur af skattinum er tekinn í ríkissjóð, en þessi skattur er ætlaður til þess að byggja m. a. endurhæfingarstöðvar fyrir öryrkja. Þá er einkar athyglisvert, að bifreiðaskattur er skertur um hvorki meira né minna en 518 milljónir kr., en bifreiðaskattur á eins og kunnugt er að ganga til Vegasjóðs. Þá er beint framlag ríkissjóðs til Vegasjóðs fellt alveg niður, en það var á árinu 1978 um 1 500 milljónir króna. Í þessu frumvarpi Ragnars Arnalds fjármálaráðherra skortir 6½ milljarð kr. á að hægt sé að framkvæma þá vegáætlun, sem Ragnar Arnalds, fyrrv. samgönguráðherra, lagði fyrir Alþingi aðeins fyrir einu ári og fékk samþykktá.

Rauði þráðurinn í þessu fjárlagafrumvarpi er stóraukin rekstrar- og millifærsluútgjöld ríkissjóðs. Til þessarar vinstri útpenslustefnu í ríkisfjármálum má rekja, að rekstrar- og millifærsluútgjöld ríkissjóðs í frumvarpinu eru 40—50 milljörðum kr. hærri en verið hefði, ef svipaðri stefnu væri fylgt og gert var með fjárlagafrumvarpinu 1978. Þessi útpensla rekstrar- og millifærsluútgjalda um 45—50 milljarða hefur valdið:

1. Hællarekstri á ríkissjóði og vaxandi verðbólgu.
2. Skattahækkun ár frá ári og oft á ári.
3. Skerðingu markaðra tekjustofna og upptöku þeirra til almennra þarfa ríkissjóðs.
4. Niðurskurði á framlögum til sjóða atvinnuveganna.
5. Niðurskurði á raungildi framlaga ríkissjóðs til verklegra framkvæmda í höfnum, skólum, sjúkrahúsum, vegagerð o. s. frv.

Öllu þessu er fórnað. Ráðstöfunarfé heimilanna er skert vegna aukinnar skattheimtu. Dregið er úr ráðstöfunarfé sjóða sem sinna eiga félagslegum viðfangsefnum. Ráðstöfunarfé ríkissjóðs sjálfs til þess að ráðast í ýmsar framkvæmdir er skert. Og síðast en ekki síst er ráðstöfunarfé sjóða atvinnuveganna minnkað í stórum stíl miðað við það, sem lög segja fyrir um, og þau framlög, sem áður hafa verið lögð úr ríkissjóði af skattatekjum til þess að styðja þessa atvinnuvegasjóði.

Skerðing á framlögum ríkissjóðs til ýmissa sjóða, miðað við gildandi lög og venjur fyrri ára, er sem hér segir:

	Skerðing millj. kr.
1. Fiskveiðasjóður	666.5
2. Stofnlánadeild landbúnaðarins	353.3
3. Aflatryggingasjóður	307.0
4. Byggingarsjóður verkamanna	67.5
5. Lánasjóður sveitarfélaga	106.2
6. Bjargráðasjóður miðað við frumvarp, sem er í Alþingi ..	191.9
7. Ferðamálasjóður	13.0
8. Félagshéimiliasjóður	24.3
9. Veðdeild Landsbankans	3.7
10. Hafnarbótasjóður	40.3
11. Framkvæmdasjóður öryrkja samkv. frumvarpinu	445.0
12. Styrktarsjóður vangefinna, framlag í fyrra	150.0
13. Byggðasjóður	3 382.0
Samtals	5 750.7

Það skal tekið fram, að í tillögum fjárveitinganefndar er ögn dregið úr skerðingu Framkvæmdasjóðs öryrkja, og enn fremur, að hér er um tölu að ræða í skerðingu hjá Byggðasjóði sem fundin er þannig að ráðstöfunarfé sjóðsins á að vera samkvæmt lögum 2% af niðurstöðutölum fjárlagafrumvarps.

Athyglisvert er, að ein afleiðing gegndarlausrar útpenslu rekstrar- og millifærslu-útgjalda ríkissjóðs er að framlög til fjárfestinga og þar með verklegra framkvæmda hafa í æ ríkara mæli orðið afgangsstærð. Samkv. fjárlögum 1977 voru fjárfestingaframlög 23.4% af fjárlögum. Skv. þessu frv. eru þau 16.5%.

Það er athyglisvert, að í málefnaþingningi ríkisstjórnarinnar úir og grúir af loforðum, sem verða munu til þess að auka enn á rekstrar- og millifærsluútgjöld ríkissjóðs, þ. e. a. s. til þess að þenja út ríkisbáknið þegar fram í sækir. Þrátt fyrir allar hækkanir í þessu frumvarpi á rekstrar- og millifærsluútgjöldum ríkissjóðs vekur það athygli, að mjög fá af þessum loforðum verða efnd á þessu ári. Í málefnaþingningi ríkisstjórnarinnar segir orðrétt:

„Á árunum 1980 og 1981 verði tryggðir 5—7 milljarðar kr., sem renni m. a. til effirtalínna verkefna:

1. Til byggingar verkamannabústaða, íbúða á vegum sveitarfélaga og byggingar-samvinnufélaga.
2. Til byggingar hjúkrunar- og dvalarheimila aldraðra.
3. Til byggingar dagvistarheimila.“

Ekkert af þessum loforðum er efnt í fjárlagafrumvarpinu fyrir 1980. Þvert á móti eru skornir niður sjóðir sem sérstaklega eiga að sinna framangreindum verk-efnum. Þá segir enn í málefnaþingningi ríkisstjórnarinnar:

„Frá 1. júní 1980 hækki tekjutrygging aldraðra og öryrkja umfram verðbætur og sömuleiðis frá 1. júní 1981.“

Heita má að þetta sé það eina sem sinnt er í þessu fjárlagafrumvarpi að nokkru leyti, því inn í útgjöld lífeyrstrygginga í frumvarpinu eru teknar 400 milljónir króna til þess að efna þetta loforð.

Auk þess fela einungis í sér 400 milljónir kr. í útgjöld vegna „félagsmálapakka“ sem nema á 5—7 milljörðum kr. á tveimur árum, er þetta frumvarp athyglisvert fyrir launþega vegna þeirrar launastefnu, sem þar kemur fram. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að þær lögþvinganir, sem beita á til þess að halda niðri verðlagi, nái einnig til launa. Þannig er gert ráð fyrir að verðbólguvísitala hækki um 8% 1. júní, 7% 1. sept-ember og 5% 1. desember. Með þessu er viðurkennt, að lögþvingun verðlagsins leiði til þess í raun að lögþvinga kaupgjald, þar sem þessar launaforsendur eru beinlínis byggð- ar á ákvæðum í málefnaþingningi ríkisstjórnarinnar um verðlagsmál. Gengið er út frá því, að engar grunnkaupshækkanir verði á árinu, þrátt fyrir að allir kjarasamningar í

landinu séu lausir og ríkisstjórnin standi í viðræðum við ríkisstarfsmenn um launa-
hækkanir. Aftur á móti er beinlínis gert ráð fyrir kjaraskerðingu í forsendum frum-
varpsins. Þar er áætlað, að verðlag hækki að meðaltali milli ára 1979 og 1980 um
46.5%, en kaup hækki einungis um 42%, þ. e. a. s. verðlagsbætur á laun. Þetta þýðir
3—4% kaupmáttarskerðingu.

Þetta fjárlagafrumvarp mun reynast frumvarp að verðbólgufrumlögum ekki
síður en frumvarpið fyrir 1979. Í fjárlagafrumvarpi, sem Tómas Árnason lagði
fyrir Alþingi í haust, var gert ráð fyrir að raunverulegur greiðsluafgangur yrði 8.6
milljarðar kr. og var ætlunin að sú upphæð yrði greidd í Seðlabankann sem afborgun
af yfirdráttarskuld þar, sem nú er orðin nálægt 30 milljörðum kr. Þetta var talið
höfuðatriði fjárlagastefnunnar. Í þessu frumvarpi er einvörðungu gert ráð fyrir að
greiða 3.6 milljarða kr. í Seðlabankann, 5 milljörðunum hefur verið ráðstafað í
útlenslu ríkisbáknsins og er greiðsluafgangurinn á pappírnum samkvæmt frum-
varpinu því 3.6 milljarðar. Þessi ráðstöfun ein út af fyrir sig mundi gera ríkisfjármálin
að bitlausu vopni gegn verðbólgu, þótt frumvarpið væri raunsætt að öðru leyti, og er
því óafsakanleg við þær aðstæður, sem við búum nú við í efnahagsmálum þjóðarinnar.

Það er fjöldamargt í þessu frumvarpi, sem er vanáætlað í útgjöldum og sum-
um útgjöldum er beinlínis sleppt. Þá er tekjuáætlunin mjög teygð að ýmsu leyti,
t. d. er gert ráð fyrir í forsendum tekjuáætlunarinnar að hækka áfengi og tóbak
á ákveðnum dögum á árinu 1980.

Sem dæmi um hversu útgjaldahlið frumvarpsins er óraunsæ má minna á, að víða
í greinargerðinni er sagt að frestað sé að taka á málum þar til lánsfjáráætlun verður
gerð. Þar má m. a. minna á ýmis útgjöld til orkumála og vegamála. Í frumvarpið vantar
upphæðir til þess að greiða útgjöld vegna stjórnarfrumvarpa, sem þegar liggja fyrir
Alþingi um fæðingarorlof og Bjargráðasjóð, svo að dæmi séu nefnd. Gert er ráð
fyrir, að frumvarpið um fæðingarorlof kosti ríkissjóð 1 milljarð kr. á árinu ef
samþykkt verður. Menntamálaráðuneytið álitur, að í frv. vanti 1 550 milljónir kr. til
rekstrarkostnaðar ýmissa skóla, og stjórn ríkisspítalanna telur að 700—800 milljónir
kr. skorti á útgjaldaáætlun frumvarpsins til rekstrar ríkisspítalanna á árinu.

Þessu til viðbótar ákvað ríkisstjórnin fyrir skömmu að hækka útgjöld frá
frumvarpinu til ýmissa framkvæmda um 1 850 milljónir kr. og jafnframt að auka
spariskirteinaútgáfu um 800 milljónir kr., lækka óviss útgjöld um 200 milljónir og
aðra fjárlagaliði um 850 milljónir kr. Allt er þetta á sömu bókina lært og eykur þenslu
í ríkisfjármálanum. Því er ljóst að ríkissjóður mun verða rekinn á árinu 1980 með
miklum greiðsluhalla og verka þannig sem olía á eld verðbólgunnar.

Hér að framan höfum við lýst öfugþróun þeirri, sem átt hefur sér stað í ríkis-
fjármálanum undanfarin ár. Við höfum ríflað upp fyrri gagnrýni sjálfstæðismanna
í fjárveitinganefnd á fjárlagafrumvarp vinstri stjórnarinnar og sýnt fram á, hvernig
heildarskatthyrðin hefur vaxið jafnt og þétt. Við höfum bent á það, hvernig mark-
aðir tekjustofnar eru teknir til almennra nota. Þrátt fyrir allar þessar auknu tekjur
er fjárlagafrumvarpið langt frá því að vera raunhæft, ef ríkisstjórnin ætlar sér
að standa við yfirlýsingar sínar og loforð. Það eina, sem eftir stendur, er sú stað-
reynd, að fjárlögin eru verðbólguhvetjandi og stefna aðallega að því að þenja út
ríkisbáknið.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í fjárveitinganefnd flytja ekki einstakar tillögur
til breytinga á frumvarpinu til lækkunar, enda kæmi þá ekki annað til greina en
grundvallarstefnubreyting. Frumvarpið gengur þvert á stefnumið Sjálfstæðisflokksins
í veigamiklum atriðum og er því allri ábyrgð á gerð fjárlaga lýst á hendur ríkis-
stjórnar og stuðningsmanna hennar.

Við vörum eindregið við þeim vinnubrögðum, sem nú hafa verið tekin upp og
lýsa sér í því, að veigamiklir útgjaldaliðir eru afgreiddir utan fjárlaganna. Eitt af
meginmarkmiðum fjárlaganna er einmitt að hafa á einum stað yfirsýn yfir öll svið
ríkisfjármálanna. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í fjárveitinganefnd telja því, að út-
gjöld vegna jöfnunar kyndingarkostnaðar eigi heima í fjárlögum. Við lýsum því
jafnframt yfir, að við erum tilbúnir til að vinna ásamt meiri hlutanum að niður-

skurði útgjalda til að geta staðið straum af kostnaðinum vegna olíustyrks til fólks á olíukyndingarsvæðunum.

Eins og áður hefur komið fram í okkar máli, teljum við undirritaðir fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í fjárveitinganefnd, að ekki verði lengur við unað að reka ríkissjóð með gegndarlausum halla og skuldasöfnun. Beita verður ríkisfjármálunum markvisst í þeim nauðsynlegu aðgerðum, sem verður að gera til hjöðunar verðbólgu í landinu. Viljum við í því sambandi leggja áherslu á eftirfarandi aðgerðir í fjármálum ríkisins.

Í fyrsta lagi að stöðva skuldasöfnun ríkissjóðs með því að tryggja umtalsverðan greiðsluafgang á fjárlögum.

Í öðru lagi, að skuldir ríkissjóðs hjá Seðlabankanum verði greiddar að fullu á næstu þremur árum.

Í þriðja lagi verði unnið markvisst að því að lækka rekstrar- og tilfærslugjöld ríkissjóðs. Í því sambandi er vakin athygli m. a. á eftirtöldum atriðum:

- a) Stefnt verði að sveigjanlegri og tímabundnari ráðningarsanningum opinberra starfsmanna til að draga úr fjölgun þeirra og heildarlaunakostnaði.
- b) Yfirstjórn sjúkrahúsa verði endurskipulögð og daggjaldakerfið lagt niður í núverandi mynd. Könnuð verði breytt verkaskipting sjúkrasamlaga og Tryggingastofnunar ríkisins. Einnig verði athugað, hvort núverandi stefna í uppbyggingu heilsugæslustöðva leiði til óþarflega dýrs rekstrar þeirra.
- c) Gerð verði úttekt á rekstrarútgjöldum og stofnframkvæmdum Háskóla Íslands og heildarúttekt á mannafla og útgjöldum í menntakerfinu.
- d) Gerð verði könnun á fækkun sendiráða.
- e) Útgerð skipa í eigu ríkisins verði endurskipulögð.
- f) Ríkisstofnanir, sem annast þjónustu, selji þjónustu sína á kostnaðarverði nema í undantekningartilvikum.
- g) Endurskoðað verði niðurgreiðslukerfi á búvörum.

Í fjórða lagi verði allt hagsýslustarf hjá ríkinu eftt til muna. Í því sambandi verði kannað hvaða leiðum skal beita til að gera hagsýslustörf virkari.

Í fimmta lagi, Alþingi verði sköpuð skilyrði til að hafa eftirlit með fjármálum ríkisins á þann veg að færa ríkisendurskoðun til Alþingis, og fjárveitinganefnd starfi meir að undirbúningi fjárlagafrv. og eftirliti með framkvæmd fjárlaga.

Þær aðgerðir í ríkisfjármálum, sem bent er á hér að framan, eru aðgerðir sem fyrst og fremst ber að gera til að endurreisa ríkisfjármálin og stöðva þátt þeirra í aukinni verðbólgu í landinu.

Á undanförunum árum hefur einkum tvennt sett svip sinn á ríkisfjármálin: annars vegar aukning þeirra sem hlutfall af þjóðarframleiðslu, ásamt sífelldum hallarekstri ríkissjóðs, og hins vegar að ekki hefur tekist að beita ríkisfjármálunum sem hagstjórnartæki við lausn verðbólguvandans. Því teljum við nauðsynlegt að gagnger endurskipulagning verði gerð á ríkisfjármálum í því skyni:

- Að minnka ríkisumsvif.
- Að beita ríkisfjármálum sem hagstjórnartæki.
- Að ná hámarksnýtingu þess fjármagns, sem veitt er á fjárlögum.
- Að losa um skuldbindandi útgjaldaáákvæði.
- Að draga skörp skil milli verka- og tekjuskiptingar ríkis og sveitarfélaga.
- Að þjónustuhlutverk ríkisins verði afmarkað.
- Að þjónustustofnanir ríkisins verði reknar hallalausar.
- Að efla fjármálastjórn ríkisins.

Ríkisfjármálin eru einn veikasti hlekkurinn í þeim samræmdu aðgerðum, sem nauðsynlegt er að beita til að vinna bug á verðbólgunni. Meðan enginn skilningur er á því, er ekki við því að búast að vel gangi í þeirri baráttu. Þar er þörf á gerbreyttri stefnu.

Alþingi, 25. mars 1980.

Lárus Jónsson,
frsm.

Guðm. Karlsson.

Friðrik Sophusson.